



326. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 31. ágúst 2022.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hörður Þorsteinsson, Ingi Þór Ágústsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ.

Olga Bjarnadóttir.

Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Knútur G. Hauksson.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá skrifstofu og fagsviðum

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni á skrifstofu ÍSÍ. Hann fór einnig yfir stöðu mála varðandi breytingar á fundarsalahæð húss 3 í Íþróttamiðstöðinni. Verkið gengur vel en ýmis viðhaldsverkefni hafa dúkkað upp í ferlinu, til viðbótar við það sem áætlað var. Margt er komið á tíma í húsinu, sem nauðsynlegt er að bregðast við sem fyrst.

Lögð fram minnisblöð frá Afreks- og Ólympíusviði og Lýðheilsu og útbreiðslusviði um helstu verkefni sem unnið er að þessa stundina.

2. Fjármál

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir stöðu reksturs með hliðsjón af fjárhagsáætlun sambandsins. Reksturinn er í góðu jafnvægi.

3. Verkferlar, vinnubrögð og viðmið í íþróttahreyfingunni

Framkvæmdastjóri ÍSÍ skýrði frá stöðu mála. Embætti samskiptaráðgjafa hefur unnið að útgáfu verkferla og er áætlað að verkið verði komið úr umbroti um miðjan september.

4. Málefni trans- og hinsegin fólks

Lárus, Kolbrún Hrund, Andri og Halla funduðu með forsvarsmönnum Argafas, 15 hinsegin- og kvenréttindasamtaka sem mótmælt hafa ákvörðun SSÍ að greiða atkvæði með breytingu á reglum FINA sem útilokar trans konur frá keppni í heimsmeistaramótum í sundi. Kolbrún Hrund og Andri hafa bæði verið í samskiptum við hópinn eftir fundinn. Fyrir liggur ósk um frekari fundi um málefnið síðar í vetur. Rætt um yfirlýsingu ÍBR um trans fólk og íþróttir.

5. Skipan í ráðgjafaráð vegna þjóðarhallar um innanhússíþróttir

Samþykkt að tilnefna eftirtalda sem fulltrúa ÍSÍ í ofangreint ráð, með þeim fyrirvara að ráðuneytið samþykki aukinn fjölda tilnefninga í ráðið:

Lárus L. Blöndal forseta ÍSÍ, Hannes S. Jónsson formaður KKÍ, Guðmundur B. Ólafsson formaður HSÍ, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri FSÍ, Guðbjörg Norðfjörð varaforamaður KKÍ og Guðríður Guðjónsdóttir stjórnarmaður HSÍ.

6. Nefndir og ráð

Búið er að leggja niður stjórnir sviða ÍSí og í stað kemur Afreks- og Ólympíuráð og Lýðheilsuráð.

Samþykkt að endurvekja mannvirkjanefnd ÍSí sem ætlað er að vera til ráðgjafar varðandi byggingar íþróttamannvirkja.

Rætt um vinnuhópa sem virkjaðir verða á haustmánuðum um ýmis hagsmunamál í hreyfingunni.

7. Umsóknir um styrki vegna afleiðinga COVID-19

Hörður Þorsteinsson skýrði frá starfi vinnuhópsins sem hefur umsjón með málinu. Gríðarleg vinna er að fara yfir allar umsóknir sem bárust þar sem þær eru sumar hverjar afar stórar og gögnin ítarleg. Stefnt er að því að leggja tillögu að styrkveitingum fyrir framkvæmdastjórn ÍSí á næsta fundi stjórnar.

8. Verkefni mennta- og menningarmálaráðherra um sjálfbóðaliða í starfi frjálsra félagasamtaka

Framkvæmdastjóri skýrði frá nýju verkefni að frumkvæði ráðherra varðandi sjálfbóðaliða í starfi frjálsra félagasamtaka. Verið er að undirbúa málþing/ráðstefnu sem haldin verður á Degi sjálfbóðaliðans í desember nk.

9. Hvatning EOC um undirritun á UN Sports for Climate Action sáttmálanum

Tekið fyrir erindi EOC þar sem hvatt er til þess að ólympíunefndir heims undirriti UN Sports for Climate Action sáttmála. Búið er að þýða skilyrði slíkrar undirritunar og setja inn á Teams svæði stjórnar. Samþykkt að framkvæmdastjórn skoði málið fram að næsta fundi.

10. Viðurkenndar íþróttagreinar/alþjóðasambönd

Nokkrar nýjar íþróttagreinar bíða staðfestingar framkvæmdastjórnar ÍSí. Að störfum er vinnuhópur um nýjar íþróttagreinar og tengingar við alþjóðasambönd. Í honum sitja Úlfur H. Hróbjartsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Líney Rut Halldórsdóttir og með hópnum starfar Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri. Andri Stefánsson framkvæmdastjóri er hópnum til ráðgjafar eftir þörfum.

Samþykkt að bíða með að taka ofangreind erindi til afgreiðslu fyrr en vinnuhópurinn hefur náð að funda og skoða aðeins umhverfið og verkferla.

11. Starfsskýrslur – keppnisbannslisti

Skrifstofa vinnur hörðum höndum við að ná inn þeim skýrslum sem enn eru útistandandi. Mikilvægt er að fá inn sem flestar skýrslur til að samanburður á milli Felix kerfisins og nýja kerfisins verði sem víðtækastur.

Skrifstofa sendir lista yfir þau félög sem setja þarf í keppnisbann til framkvæmdastjórnar, til staðfestingar, á milli funda.

12. Heiðranir

Engar tilnefningar lágu fyrir fundinum.

13. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 325. fundur framkvæmdastjórnar
- 4. fundur laganefndar ÍSí – **tillögur nefndarinnar um afgreiðslu mála staðfestar, sbr. fundargerð.**

14. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

15. Næstu fundir framkvæmdastjórnar

Stefnt er að því að næstu fundir stjórnar verði sem hér segir: 16. september, 13. október, 24. nóvember, 15. desember.

Formannafundur er áætlaður 25. nóvember nk.

16. Önnur mál

- Sjálfbóðaliðaverkefni

Forseti skýrði frá því að Íslensk getsþá hefði samþykkt að fjármagna verkefni ÍSí um Sjálfbóðaliða ársins. Hugmyndavinna er í gangi varðandi útfærslu á verkefninu.

- Fundur um hatursorðræðu

Framkvæmdastjóri ÍSí skýrði frá fundi um hatursorðræðu, sem hann sótti fyrir hönd ÍSí. Tók hann þátt í panelumræðum að fundi loknum og svaraði ýmsum fyrirspurnum um málefnið.

- Erindi Jafnréttisstofu

Tekið fyrir erindi frá Jafnréttisstofu þar sem óskað er eftir samstarfi við ÍSí um kortlagningu á stöðu kynjanna innan íslenskrar íþróttahreyfingar. Stefnt er að fundi með Jafnréttisstofu á haustmánuðum varðandi þetta verkefni.

- Afstaða IOC gagnvart Evrópska íþróttamódelinu

Framkvæmdastjóri skýrði frá tilkynningu frá IOC þar sem kallað er eftir samstöðu íþrótt- og ólympíuhreyfingarinnar og stjórnvalda í Evrópu við að vernda Evrópska íþróttamódelið (The European Sport Model) og þau sérkenni sem það inniber.

- Afrit af bréfi IOGT til þingmanna

Lagt fram afrit af bréfi IOGT til þingmanna vegna frumvarpa um breytingar á áfengislögum.

- Lýðheilsumál

Viðar Garðarsson ræddi hugmyndir varðandi lýðheilsuverkefni og mögulega samstarfsaðila.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari